

23. fundur Fjallskilaneftndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðar

fjarfundur haldinn 31. ágúst 2020 og hófst hann kl. 15:00

Mættir nefndarmenn: Guðni Ólafsson (GÓ) formaður, Sveinn Eyjólfur Tryggvason (SET) og Víðir Guðbjartsson (VG).

Starfsmaður: Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps. Rebekka Hilmarsdóttir (RH), bæjarstjóri Vesturbyggðar, boðaði forföll.

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri (ÓÞÓ).

1. Fjallskilaseðill 2020.

Farið var yfir drög að fjallskilaseðli 2020. ÓÞÓ, í samráði við RH, var falið að uppfæra seðilinn í samræmi við umræður á fundinum og sjá til þess hann verði auglýstur. Vekja þarf athygli á þeim reglum sem eru í gildi vegna smitvarna gegn Covid-19. Jafnframt var samþykkt að athugasemdafrestur vegna seðilsins verði til 10. september 2020.

2. Eyðijarðir.

Umræða um eyðijarðir og aðkomu landeigenda ekki eru með búskap eða fé að leitum. Ákveðið að það mál verði á dagskrá á fundi fjallskilaneftndar eftir að smalamennsku 2020 verði lokið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16:10.